



SVEINSSAFN


Hafnarfirði 17. janúar 2014

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar,
Bt. Marínar Hrafnadóttur, menningar- og ferðamálafulltrúa
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Ég undirritaður forsvarsmaður Sveinssafns, leyfi mér hér með fyrir hönd aðstandenda safnsins að endurnýja erindi okkar sem sent var bæjarstjóra 19. febrúar 2013. Erindið var sent bæjarstjóranum í framhaldi af samræðum okkar Guðrúnar Ágústu um framtíð safnsins sem og í kjölfar viðræðna sem ég hafði átt áður við forvera hennar, Guðmund Rúnar Árnason. Erindi þetta varðar framtíð Sveinssafns og er stutt ítarlegum gögnum, sem mikilvægt er að Menningarmálanefndin kynni sér við afgreiðslu erindisins.

Þess er hér með óskað að Menningar- og ferðamálanefnd afgreiði erindið nógu snemma til að við lendum ekki í því sama og í fyrra að neyðast til að sækja um menningarstyrk þar sem ekki gafst tími til að afgreiða þetta erindi þá í tæka tíð.

Í sem skemmstu máli gengur ósk okkar út á að Hafnarfjarðarbær losi Sveinssafn úr þeim kröggum að neyðast til að sækja um verkefnastyrki einu sinni á ári í stað þess að það njóti stuðnings á grundvelli samstarfsamnings í anda menningarsamninganna sem tíðkuðust um miðjan síðasta áratug. Eins og fram kemur í meðfylgjandi greinargerð þá getur verið mjög erfitt fyrir Sveinssafn að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til menningarstyrksumsækjenda. Það tókst í fyrra með uppsetningu nýrrar sýningar í Sveinshúsi, sem nefnist Bréf frá Sveini (sjá meðf. sýningarskrá í viðhengi). Þessari sýningu er ætlað að hanga uppi í 3 ár og er 6. sýningin sem sett hefur verið upp í Sveinshúsi. Við álítum að safnið sé fyrir löngu búið að sanna sig og því sé ekki aðeins réttlætandi fyrir bæinn að gera við það samstarfssamning til nokkurra ára heldur munu báðir aðilar njóta góðs af því eins og fram kemur í meðfylgjandi forsendum slíks samnings. Sveinssafn óskar því hér með eftir því að bærinn geri við það samstarfssamning sem feli í sér fjárstyrk fyrir starfsemi þess og úthald að upphæð kr. 1 milljón á ári hið minnsta og vinni jafnframt að því með aðstandendum þess að losa það úr þeirri fjárhagslegu ánaud sem afborganir af húsnæði þess að Trönuhrauni 1 veldur, sbr. meðfylgjandi tillögu að samningstexta. Við minnum á að fyrir um áratug síðan naut safnið stuðnings menningarsamnings bæjarins að upphæð kr. 800.000,- á ári og það til þriggja ára í senn en eftir hrun skrapp þessi stuðningur fljótlega niður í kr. 500.000 og hefur byggst á umsóknum til tiltekinna verkefna á meðan safnið þarf að standa fyrir kostnaðarsömum rekstri þar sem koma við sögu tvær fasteignir og margvísleg rekstrarútgjöld auk varðveislu og skráningar safnkosts sem er sá þriðji stærsti á öllu landinu.




SVEINSSAFN ehf. Aðsetur: Trönuhrauni 1, 220 Hafn. Póstfang: Brekkugata 9, 220 Hafn.
Sími 5525235, 8610562, 8607211, 8663456 • Tölvupóstur: verstodin@vortex.is

Til að undirstrika muninn á stöðu Sveinssafns gagnvart öðrum umsóknaraðilum um verkefnabundna menningarstyrki hef ég gerst svo djarfur að setja fram forsendur í „fullyrðingastíl“ sem rök fyrir því að samstarfssamningur verði gerður við Sveinssafn. Ég er tilbúinn til viðræðna um þær forsendur hvenær sem þess yrði óskað. Meðfylgjandi eru auk þess drög að samningstexta til að auðvelda leiðina að gerð samstarfssamnings.

Sveinssafn er nú á krossgötum. Það rær lífróður með margvíslegan mótvind í fanginu eftir 16 ára úthald á menningarsviði. Það nær ekki fjárhagslegum endum saman þrátt fyrir sjálfboðastarf og peningaleg framlög eigendanna. Bruni Krýsuvíkirkirkju var í þessu sambandi reiðarslag fyrir andlegu hliðina, þ.e. bjartsýnina og áhugann, sem er drifkrafturinn í þessu öllu saman. Engu að síður höfum við aðstandendur Sveinssafns hafist handa um að sækjast eftir viðurkenningu Safnaráðs, sem er torsótt leið en hefur þó náð því stigi að stofnskrá safnsins hefur hlotið viðurkenningu ráðsins. Það umsóknarferli hefur síðan leitt til þess að safnið hefur sótt um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlitsins og verið úthlutað því (skjalið barst í dag) og unnið er að því að uppfylla kröfur Eldvarnareftirlitsins skv. fyrirbyggjandi skýrslu þess. Þetta ferli kostar háar fjárhæðir. Umsóknarfrestur í Safnasjóð rann að vísu út um síðustu áramót áður en Safnaráði tókst að afgreiða umsókn Sveinssafns um viðurkenningu, sem er skilyrði styrkveitinga, en ótrautt verður haldið áfram á þessari braut sem miðar að því að tryggja framhaldslíf safnsins eftir okkar dag með því að afla því viðurkenningar bæði Safnaráðs og Hafnarfjarðarbæjar og þannig skapa því starfsgrundvöll um ókomin ár.

Virðingarfyllst,

f.h. aðstandenda Sveinssafns,


Erlendur Sveinsson (sign)

P.S: Erindið er jafnframt sent Menningarmálnefnd útprentað.

FYLGISKJÖL:

- 1) Forsendur samningsgerðar
- 2) Drög að samningstexta
- 3) Umsögn formanns Vinafélags Krýsuvíkirkirkju
- 4) Greinargerð samin fyrir tveimur árum fyrir fund með þáverandi bæjarstjóra Guðmundi Rúnari Árnasyni og menntamálaráðuneytinu.
- 5) Í tölvupóstum: Sýningaskrá Sveinssafns fyrir nýjustu sýningu safnsins í Sveinshús í Krýsuvík: Bréf frá Sveini